



Jafnréttisáætlun

Tónlistarskóla Eyjafjarðar

INNGANGUR

Markmið jafnréttisáætlunar Tónlistarskóla Eyjafjarðar er að gæta jafnræðis og jafnréttis á öllum sviðum skólastarfsins. Jafnréttisáætlun er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að skoða og endurmeta aðstæður á hverjum vinnustað og ryðja úr vegi þeim hindrunum sem geta verið á vegi allra kynja. Vel upplýst starfsfólk er forsenda þess að jafnréttisstarf sé virkt hjá fyrirtækjum og stofnunum. Áhersla er lögð á að allir fái notið sín án tillits til kynferðis, trúarskoðana, þjóðernis og uppruna, kynþáttar, kynhneigðar, litarháttar, efnahags, ætternis, fötlunar, aldurs og stöðu að öðru leyti.

Stjórnendur og starfsmenn Tónlistarskóla Eyjafjarðar bera ábyrgð á að tryggja að mannréttindi allra í skólanum séu virt enda beri stjórnendur ábyrgð á að:

- Vinna samkvæmt jafnréttisáætlun og kynna þá stefnu ár hvert í upphafi skólaárs.
- Sjá til að jafnrétti sé hluti af skólastarfi.
- Námsefni mismuni ekki kynjum, heldur hafi mannréttindi allra hópa að leiðarljósi.
- Kennsluhættir taki mið af fjölbreytileika samfélagsins.
- Unnið sé markvisst að jafnrétti og gegn fordómum innan skólans.

Tryggja þarf upplýsingaflæði til kennara af erlendu bergi brotnu og að þeir geti ætíð leitað til skólastjórnenda og samkennara varðandi mál er á þeim brenna.

Tryggt verði allt starfsfólk njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið er haldin eru til að auka hæfni í starfi.

Jafnréttisáætlun Tónlistarskóla Eyjafjarðar grundvallast á:

- [65.gr. stjórnskipunarlaga nr.33/1944](#)
- [10/2008: Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla](#)
- [Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.](#)
- [Jafnréttisstefnu Kennarasambands Íslands](#)
- [Aðalnámskrá tónlistarskóla, Almennur hluti, 2000](#)
- [Siðareglum Kennarasambands Íslands](#)
- [Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna](#)
- [Leiðbeiningum Jafnréttisstofu](#)
- [Mannréttindasáttmála Evrópu](#)

„Kennsla beinist að því að hjálpa nemendum að öðlast þekkingu og skilning, að móta sér skoðanir og viðhorf og ná leikni á tilteknum sviðum. Kennsla miðar að því að nemendur nái þeim markmiðum sem að er stefnt. Í skólastarfi á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum. Kennarar bera faglega ábyrgð á því að velja heppilegustu og árangursríkustu leiðirnar til að ná markmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár. Við val á kennsluaðferðum og vinnubrögðum verður að taka tillit til markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga hverju sinni og eðlis viðfangsefnisins. Vönduð kennsla, sem lagar sig að markmiðum og nemendum, eykur líkur á árangri. Kennsluaðferðir og vinnubrögð í skólum verða að þjóna þeim markmiðum sem stefnt er að hverju sinni. Markmið tónlistarskóla eru margvísleg, allt frá markmiðum, sem varða afmarkaða þætti kunnáttu, leikni og viðhorfa, til langtímamarkmiða. Val á kennsluaðferðum og skipulag skólastarfs verður að miðast við að nemendur fái sem best tækifæri til náms og þroska. Kennslan verður að taka mið af þörfum og reynslu einstakra nemenda og efla með þeim námfýsi og vinnugleði. Kennsluaðferðir mega ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.“
(Aðalnámskrá Tónlistarskóla, Almennur hluti, 2000:23)

**Áætlunin hefur gildistíma frá 1. ágúst 2023- 31. júlí 2025
með endurskoðun í maí 2025 í síðasta lagi.**

MARKMIÐ

Launajafnrétti

Tryggja skal launajöfnuð og leitast við að leiðrétta launamun milli kynja ef einhver er ([sbr. 19.gr. og 25.gr. laga nr.10/2008](#)).

„Laun eru skilgreind sem almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, bein og óbein, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans“ .([2.gr. 8.tl](#)).

„Kjör eru skilgreind sem laun ásamt lífeyris-, orlofs- og veikindaréttindum og hvers konar öðrum starfskjörum eða réttindum sem metin verða til fjár“ . ([2.gr. 9.tl](#)).

Framkvæmd: Í lok febrúar ár hvert skal liggja fyrir greining á launum og öðrum kjörum starfsmanna ásamt tölfræðilegri samantekt. Leiðrétta skal laun ef útskýrður mismunur kemur fram.

Ábyrgðaraðilar: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri.

Laus störf, starfsþjálfun, val í nefndir/ráð, endurmenntun og símenntun

Tryggja skal jafnan rétt kynja við ráðningar og val í nefndir/ráð, sem og til endurmenntunar og starfsþjálfunar ([sbr. 20.gr. og 26.gr. laga nr.10/2008](#)).

Framkvæmd: Fylgjast skal markvisst með ráðningum, úthlutun verkefna og tilfærslum innan skólans og hvetja bæði kyn til að sækja um og taka þátt, bæði meðal starfsfólks og nemenda. Tryggja skal að öll kyn hafi sömu möguleika til endurmenntunar og símenntunar og til að sækja námskeið og ráðstefnur til að auka hæfni í starfi.

Í lok mars ár hvert skal leggja mat á þátttöku kynjanna.

Ábyrgðaraðilar: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri.

Kynbundið ofbeldi/áreitni, kynferðisleg áreitni

Tryggja skal með sérstökum ráðstöfunum að starfsfólk og nemendur verði ekki fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni í skólanum ([22.gr. og 28.gr. laga nr.10/2008](#))

Einelti er skilgreint sem „síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir“ [3. gr. b-liður reglugerðar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustað](#)

Kynbundin áreitni er skilgreind sem „hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi“. ([2.gr. 3.tl.](#))

Kynferðisleg áreitni er skilgreind sem „hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg“. ([2.gr. 4.tl.](#))

Kynbundið ofbeldi er skilgreint sem „ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi“. ([2.gr. 5.tl.](#))

Framkvæmd: Í upphafi hvers skólaárs verði kynnt [aðgerðaáætlun gegn einelti, kynbundnu áreiti, kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi](#) gagnvart starfsfólki og nemendum í skólanum. Kennslustofur verði, sé þess nokkur kostur, með glugga í hurðum svo horfa megi bæði út og inn í stofur.

Ábyrgðaraðilar: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Leitast skal við að gera starfsmönnum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur við fjölskylduna ([21.gr. laga nr.10/2008](#)).

Framkvæmd: Í starfssamtali að vori (febrúar-mars) á ári hverju geta kennarar lagt fram óskir um kennslumagn og kennsludaga og verða þær virtar eins og kostur er. Tryggja skal að öll kyn hafi sömu möguleika til sveigjanleika.

Ábyrgðaraðilar: Skólastjóri.

Menntun og skólastarf

Jafnréttissjónarmið verði sambætt í öllu starfi skólans. Nemendum skal ekki mismunað á nokkurn hátt og jafnréttissjónarmið skulu tryggð, m.a. við val námsefnis og skipulag náms og kennslu ([23.gr. laga nr.10/2008](#)).

Framkvæmd: Námsmöguleikar kynntir og tryggt að hver og einn nemandi geti sótt það tónlistarnám, samspilstíma, bóklegar greinar og samæfingar sem skipulag segir til um. Öll vinna starfsfólks og nemenda skal vera í anda jafnréttis þar sem lögð er áhersla á að þeir rækti með sér samkennd, vináttu og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra. Gætt skal að því að jafnræði sé milli kynja til áhrifa og þátttöku. Einnig skal reynt að jafna hlut nemenda við hvert tækifæri þegar þeir koma fram fyrir hönd skólans eins og kostur er. Starfsfólk skólans skal ávallt gæta þess að gefa aldrei í skyn að ákveðnir þættir skólastarfsins eigi frekar við um eitt kynið fremur en önnur.

Ábyrgðaraðilar: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, kennarar.

Auglýsingar frá skólanum

Jafnræðis og jafnréttis skal gætt við auglýsingagerð ([29.gr. laga nr.10/2008](#)).

Framkvæmd: Fara skal yfir allar auglýsingar og fréttatilkynningar og annað efni sem fer frá skólanum með tilliti til jafnræðis og jafnréttis, áður en það er birt.

Ábyrgðaraðilar: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, skólanefnd.

Andrúmsloft – vellíðan

Leitast skal við að skapa andrúmsloft í skólanum sem stuðlar að vellíðan þeirra sem þar starfa (starfsfólk og nemendur).

Framkvæmd: Starfsfólk og nemendur gæti þess á hverjum tíma að koma fram af virðingu við aðra og láti sig velferð náungans varða. Gagnkvæm virðing ríki í samskiptum án mismununar af nokkru tagi hjá nemendahópnum, forráðamönnum þeirra og starfsfólki af öllum kynjum.

Ábyrgðaraðilar: Allt starfsfólk og nemendur.

Tónlistarskóli Eyjafjarðar

1. ágúst 2023